

Nd.

327. Nefndarálit

[112. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkomulag hefur ekki orðið í fjárhagsnefnd um afgreiðslu frv. Meiri hl. (BK, SI og JóhH) mælir með því, að frv. verði samþykkt nú þegar, en undirritaðir telja rétt að fresta afgreiðslu málsins, þar til endurskoðun reikningsins er lokið.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fyrir hv. efri deild. Í nál. meiri hl. fjárhagsnefndar þeirrar þingdeildar, sem út var gefið 16. des. s.l. og prentað er á þingskjali 237, segir svo m. a.:

„Meiri hl. n. telur það vera til mikilla bóta að leggja ríkisreikning fyrir Alþingi svo skömmu eftir lok viðkomandi fjárhagsárs.“

Út af þessum ummælum vill minni hl. benda á, að á hverju fjárlagabingi á undanförunum árum hefur ríkisreikningur fyrir næstliðið ár verið afhentur þingmönnum. Hér er því engin breyting á orðin. Þingið hefur ekki fengið ríkisreikninginn fyrr að þessu sinni en áður hefur tíðkapt.

En vegna þess að endurskoðun reikninganna hefur ekki verið lokið, þegar þeir hafa verið lagðir fram á Alþingi, hefur orðið dráttur á því, að lög um samþykkt á ríkisreikningnum hafi verið afgreidd frá þinginu. Og enn er það svo, að mikið skortir á, að endurskoðun reikningsins sé lokið, þó að honum hafi verið útbýtt meðal þingmanna. Í athugasemdum við ríkisreikninginn fyrir árið 1959, sem hinir þingkjörnu yfirskoðunarmenn gáfu út 14. okt. s.l., er frá því skýrt, að þ. 12. okt. s.l. hafi ríkisendurskoðunin verið búin að ljúka endurskoðun reikninga fyrir árið 1959 frá 15 aðilum, en athugasemdir við þá óafgreiddar. Hins vegar var þá ólokið endurskoðun á reikningum 42 aðila.

Minni hl. n. taldi rétt að óska eftir nýjum upplýsingum um það, hvað langt væri komið endurskoðuninni. Þær upplýsingar hafa nú borizt nefndinni í greinargerð ríkisendurskoðunarinnar, dags. 27. jan. s.l. Samkvæmt þeirri skýrslu vantar enn mikið á, að lokið sé endurskoðun þeirra reikninga, sem ríkisreikningurinn fyrir 1959 er byggður á. Er greinargerð ríkisendurskoðunarinnar birt með þessu nál.

Í lögum nr. 61/1931 eru fyriræli um endurskoðun á reikningum ríkisins og ríkisstofnana. Eru þar m. a. ákvæði um þá endurskoðun, sem fram á að fara í fjármálaráðuneytinu, og í 10. gr. laganna segir svo:

„Fjármálaráðuneytinu ber að láta endurskoðunarskýrslu fylgja reikningum þeim, sem það endurskoðar, þegar þeir eru lagðir fyrir yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins. — Í endurskoðunarskýrslu skal fram tekið, hvernig endurskoðun hefur verið hagað, hverjar athugasemdir hafi verið gerðar, svör við þeim og úrskurðir, enn fremur sérhvað það viðvíkjandi reikningsskilunum eða rekstri, er fjármálaráðuneytið telur rétt að vekja athygli á eða gera athugasemdir um til yfirskoðunarmanna.“

Yfirskoðunarmennirnir, sem Alþingi kys, verða að sjálfsögðu að byggja umsögn sína um ríkisreikningana að verulegu leyti á þeim endurskoðunarskýrslum, sem endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins ber að láta þeim í té. Minni hl. fjárhagsnefndar lítur því svo á, að þingkjörnum yfirskoðunarmönnum sé rétt að fresta afgreiðslu á ríkisreikningum til Alþingis, þar til endurskoðunardeild ráðuneytisins hefur að fullu lokið sínu verki við endurskoðun þeirra reikninga, sem ríkisreikningarnir byggjast á.

Þó að finna megi dæmi um það, að ríkisreikningar hafi verið afgreiddir frá Alþingi, án þess að endurskoðun þeirra hafi verið að fullu lokið, telur minni hl. það sízt til fyrirmyndar, heldur sé rétt að fresta afgreiðslu reikninganna, þar til þeir eru að fullu endurskoðaðir.

Ekki eru horfur á því, að endurskoðun þeirra reikninga, sem eru undirstaða ríkisreikningsins fyrir 1959, verði lokið áður en þessu þingi lýkur. Svo mikið verk

er þar enn óunnið, og skal þó ekki dregið í efa, að endurskoðunardeildin hafi hraðað störfum, eftir því sem unnt var með því starfsliði, sem þar er. Telur minni hl. því rétt að fresta samþykkt ríkisreikningsins að þessu sinni. en væntir þess, að endurskoðuninni verði lokið, þegar næsta þing kemur saman, svo að þá megi setja lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959.

Það er því tillaga minni hlutans, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem mikið skortir á, að lokið sé endurskoðun reikninga, sem ríkisreikningurinn fyrir árið 1959 er byggður á, telur deildin ekki rétt að samþykkja frumvarpið að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. febr. 1961.

Skúli Guðmundsson, Einar Olgeirsson.  
frsm.

#### Fylgiskjal.

Greinargerð frá ríkisendurskoðuninni um, hvað endurskoðun ríkisstofnana o. fl. er langt komin.

#### I.

Það, sem er óendurskoðað frá árinu 1959 og eldra:

##### **Póstsjóður.**

Endurskoðun næstum lokið árið 1958 og endurskoðað að nokkru árið 1959. Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Endurskoðun lokið til ársloka 1956 og langt komin fyrir árið 1957.

##### **Innkaupastofnun ríkisins.**

Endurskoðun langt komin fyrir árið 1959.

##### **Bessastaðabúið.**

Endurskoðun lokið árið 1959, en athugasemdir óafgreiddar.

##### **Skólabúið á Hvanneyri.**

Óendurskoðað fyrir árið 1959.

##### **Skólabúið á Hólum.**

Sömuleiðis.

##### **Kleppsbúið.**

Endurskoðun lokið árið 1959, en athugasemdir óafgreiddar.

##### **Lögreglustjórinn í Reykjavík.**

Endurskoðun lokið á gjöldum árið 1959, en athugasemdir óafgreiddar.

##### **Lögreglustjórinn í Keflavík.**

Sömuleiðis.

##### **Vinnuhælið á Kvíabryggju.**

Endurskoðun lokið til ársloka 1957. Ekki hefur tekizt að fá uppgerða reikninga hælísins nema til ársloka 1957.

##### **Fangahúsið í Hafnarfirði.**

Óendurskoðað árið 1959.

##### **Fangahúsið á Ísafirði.**

Sömuleiðis.

##### **Húsameistaraembættið.**

Sömuleiðis.

##### **Tollgæzla í Reykjavík.**

Sömuleiðis.

##### **Skattstofa Reykjavíkur.**

Sömuleiðis.

**Landsspítalinn.**  
 Endurskoðun lokið árið 1959, en athugasemdir óafgreiddar.  
**Þvottahús ríkisspítalanna.**  
 SömuLeiðis.  
**Fæðingardeildin.**  
 SömuLeiðis.  
**Hjúkrunarkvennaskólinn.**  
 SömuLeiðis.  
**Vífilsstaðahælið.**  
 SömuLeiðis.  
**Kleppsspítalinn.**  
 SömuLeiðis.  
**Rannsóknarstofa háskólans.**  
 SömuLeiðis.  
**Vita- og hafnamál.**  
 Endurskoðun nærri lokið fyrir árið 1959.  
**Ferðaskrifstofa ríkisins.**  
 Óendurskoðað árið 1959.  
**Skipaskoðun ríkisins.**  
 SömuLeiðis.  
**Tilraunastöðin á Keldum.**  
 Endurskoðað til 6. nóvember 1959.  
**Námslán.**  
 Óendurskoðað árin 1958 og 1959.  
**Námsflokkar.**  
 Óendurskoðað árið 1959.  
**Námsstjórar.**  
 SömuLeiðis.  
**Vistheimilið í Breiðuvík.**  
 Endurskoðað árið 1959, en athugasemdir óafgreiddar.  
**Bókaútgáfa Menningarsjóðs.**  
 Óendurskoðað árið 1959.  
**Íþróttakennaraskóli Íslands.**  
 SömuLeiðis.  
**Framkvæmdir í Skálholti.**  
 SömuLeiðis.  
**Jarðabótastyrkir.**  
 SömuLeiðis.  
**Vélasjóður ríkisins.**  
 Endurskoðun lokið til ársloka 1956 og langt komin árið 1957.  
**Sandgræðsla Íslands.**  
 Óendurskoðað 1958 og 1959.  
**Skógrækt ríkisins.**  
 SömuLeiðis.  
**Veðimálastjóri.**  
 Óendurskoðað árið 1959.  
**Sauðfjárveikivarnir.**  
 SömuLeiðis.  
**Bændaskólinn á Hólum.**  
 SömuLeiðis.  
**Bændaskólinn á Hvanneyri.**  
 SömuLeiðis.  
**Fiskmat ríkisins.**  
 SömuLeiðis.

**Atvinnudeild háskólans.**  
 Sömmuleiðis.  
**Rannsóknaráð ríkisins.**  
 Sömmuleiðis.  
**Kjarnfræðinefnd Íslands.**  
 Sömmuleiðis.  
**Skipulag bæja og kaupúna.**  
 Sömmuleiðis.  
**Bjargráðasjóður Íslands.**  
 Sömmuleiðis, en talning sjóðs, verðbréfa og afstemming banka framkv. árið 1960.  
**Útflutningssjóður.**  
 Endurskoðun lokið árið 1959, en afstemmingar eftir.  
**Atvinnumálanefnd.**  
 Óendurskoðað árið 1959.  
**Byggingakostnaður sjómannaskólans.**  
 Sömmuleiðis.  
**Meningarsjóður.**  
 Sömmuleiðis.  
**Gunnarsholtshælið.**  
 Endurskoðun lokið til ársloka 1959, en athugasemdir óafgreiddar.  
**Útflutningsnefnd sjávarafurða.**  
 Óendurskoðað árið 1959.  
**Happdrættislán ríkissjóðs.**  
 Óendurskoðað árin 1955—1959.

## II.

Af reikningum ársins 1960 hefur verið endurskoðað sem hér segir:  
 Endurskoðun á reikningum Landssímans er lokið til marzloka.  
 Endurskoðun er nærri lokið á reikningum eftirgreindra stofnana:  
 Landsspítalinn.  
 Ljósmeðraskólinn.  
 Þvottahús ríkisspítalanna.  
 Fæðingardeildin.  
 Hjúkrunarkvennaskólinn.  
 Vífilsstaðahælið.  
 Kleppsspítalinn.  
 Holdsvéikraspítalinn í Kópavogi.  
 Fávitahælið í Kópavogi.  
 Blóðbankinn.  
 Rannsóknarstofa háskólans.  
 Vífilsstaðabúið.  
 Kópavogsbúið.  
 Bessastaðabúið.  
 Vistheimilið í Breiðuvík.  
 Gunnarsholtshælið.  
 Upptökuheimilið í Elliðahvammum.  
 Reikningar Landsmiðjunnar eru endurskoðaðir til 1. júlí.  
 Endurskoðun á bókhaldi Tryggingastofnunar ríkisins fer fram daglega, og er henni því sem næst lokið fyrir það sem liðið er af árinu 1961.  
 Endurskoðun á bókhaldi útflutningssjóðs er lokið að undanteknum afsemmingum.  
 Lokið er einnig endurskoðun á nokkrum smærri reikningum fyrir árið 1960, sem borizt hafa eftir s.l. áramót.

### III.

Um endurskoðun á tekjum embætta sýslumanna, bæjarfógeta, lögreglustjóra og tollstjóra er það að segja, að eftirtalin embætti eru óendurskoðuð fyrir árið 1958:

Borgardómarinn í Reykjavík.

Borgarfógetinn í Reykjavík.

Sakadómarinn í Reykjavík.

Tollstjórinn í Reykjavík.

Bæjarfógetinn á Akureyri.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu.

Sýslum. N.-Múlasýslu og bæjarfóg. Seyðisfirði.

Bæjarfógetinn í Neskaupstað.

Sýslumaðurinn í S.-Múlasýslu.

— í Skaftafellssýslu.

— í Rangárvallasýslu.

— í Árnessýslu.

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.

Sýslum. Gullbr.- og Kjósarsýslu og bæjarfóg. Hafnarfirði.

Bæjarfógetinn í Kópavogi.

Fyrir árið 1959 og einnig árið 1960 eru öll embættin óendurskoðuð, en embættis-  
eftirlit hefur farið fram sem hér segir hjá eftirgreindum embættum:

Bæjarfógetinn í Ólafsfirði 2. okt. 1959.

Sýslum. N.-Múlasýslu og bfg. Seyðisfirði 8. júlí og 21.—23. sept. 1959.

Bæjarfógetinn í Neskaupstað 3.—4. júlí og 23.—24. sept. 1959.

Sýslum. S.-Múlasýslu 1. júlí og 25. sept. 1959.

Sýslum. Gullbr.- og Kjósarsýslu og bfg. Hafnarfirði 28. okt. 1959.

Sýslum. Árnessýslu 13.—15. júlí 1959.

Lögreglustj. Bolungavík 12. ágúst 1959 og 2. nóv. 1959.

Bæjarfógetinn í Kópavogi 20. júlí 1960.

— á Akureyri og sýslum. Eyjafjarðarsýslu 7.—9. nóv. 1960.

— á Húsavík og sýslum. Þingeyjarsýslu 3.—4. nóv. 1960.

— í Neskaupstað 18. júlí 1960.

— í Vestmannaeyjum 28. nóv. og 5. des. 1960.

Sýslum. Barðastrandarsýslu 4. ágúst 1960.

— Dalasýslu 23.—24. sept. 1960.

— Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 13. sept. 1960.

— S.-Múlasýslu 5. júlí 1960.

— Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 21. sept. 1960.

Endurskoðun aðflutningsgjalda í Reykjavík fer fram daglega, jafnóðum og toll-  
afgreitt er, en endurskoðun aðflutningsgjalda utan af landi fer yfirleitt fram 2—3  
mánuðum eftir bókun og tollafgreiðslu.